

Skólafundur

haldinn 2. október, 2013, kl 13.30-15.30 í Íslenskustofu.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hreinsdóttir, Fanney Gestsdóttir, Elín Björg Haraldsdóttir, Sveinn R Jónsson, Gríma Guðmundsdóttir, Adam Onnoy, Elín Lára Sigurðardóttir, Nadine Bruhn, Jón Özur Snorrason, Örlygur Axelsson, Erla Þorsteinsdóttir, Freyja Rós Haraldsdóttir, Böðvar Ingi Benjamínsson, Baldur Garðarsson, Valgarður Reynisson, Jórunn Elva Guðmundsdóttir, Heiða Gehringer, Erna Halldórsdóttir, Áslaug Harðardóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Hilmar Einarsson, Jóna Katrín Hilmarsdóttir, Ragnhildur Sævarsdóttir, Pálmi Hilmarsson, Kjartan Ingi Sigmarsson, Rúnar Gunnarsson, Halldór Páll Halldórsson og Páll M Skúlason
Fundarmenn voru 28.

Skólameistari setti fundinn.

1. Starfsmannalisti.

Skólameistari kallaði eftir ábendingum um lagfæringar á listanum og lét hann ganga meðal fundarmanna í því skyni.

2. Skóladagatal 2013-14

Skm varpaði því upp og fór yfir helstu þættir. Hann ræddi sérstaklega breytingar á tímasetningu Dagamunar, sem nemendur gera sér einmitt í þessari viku. Dollinn verður áfram að morgni árshátíðardags í mars.

3. Við öll

Skólameistari fór yfir ýmsa þætti sem eiga við um alla þá sem starfa innan stofnunarinnar; bæði starfsmenn og nemendur:

Framkoma – ganga undan með góðu fordæmi

Umgengni – nemenda og starfsfólks

Aðstoða – og leiðbeina

Fyrirgefðu/afsakaðu

Bros – og „góðan daginn“

Þakka fyrir sig.

4. Úttektarskýrsla Mmrn.

Skm dreifði niðurstöðum höfunda skýrslunnar, SVÓT-greiningu, og tillögum höfunda að útbótum. Hann gaf fundarmönnum nokkrar mínútur til að renna yfir gögnin, en skýrslan í heild sinni hefur þegar verið send á alla starfsmenn og stjórn Mímis. Aðspurðir kváðust fremur fáir fundarmanna hafa lesið alla skýrsluna frá upphafi til enda.

Skm fór síðan yfir aðdraganda skýrslugerðarinnar, vinnuna við hana og niðurstöðurnar. Í því samhengi fór hann yfir innleiðingu nýrrar námskrár sem unnið hefur verið að og er framundan. Hann kvað niðurstöðurskýrslunnar vera afskaplega jákvæðar fyrir skólann.

Loks fór hann yfir tillögur til úrbóta sem koma fram í lok skýrslunnar og hugmyndir sínar í tengslum við þær. Þessar hugmyndir verða síðan unnar áfram þannig að í þeim felist tímasett áætlun um úrbætur.

5. Námskeiðahald fyrir starfsmenn

Skm fjallaði um möguleg námskeið fyrir starfsmenn, ekki síst námskeið sem lúta að tölvunotkun. Nokkrar hugmyndir komu fram, en síðan getur fólk sent hugmyndir að námskeiði/námskeiðum til skólameistara.

6. Geðrækt

Gríma Guðmundsdóttir, form stýrihóps um heilsueflandi framhaldsskóla fjallaði um áhersluatriði þessa skólaárs. Hún kynnti það helsta sem þetta áhersluatriði felur eða gæti falið í sér.

Þá minnti hún á lífshlaupið sem er framundan, en ekkert var ályktað í því sambandi.

7. Þríæringur STAMEL

Páll M Skúlason fjallaði um fyrirhugaða starfsmannaferð út fyrir landsteinana á komandi vori, með fyrirvara um mögulegan óróa á vinnumarkaði. Skólinn og starfsmannafélagið hafa staðið að ferðum að þessu tagi á þriggja ára fresti, alllengi, meðal annars hefur leiðin legið á Íslensingaslóðir í Kanada, til Oxford á Englandi og síðast til Sulzbach-Rosenberg í Þýskalandi. Þessar ferðir hafa heppnast einstaklega vel og verið gagnlegar bæði í faglegu og félagslegu tilliti.

PMS kynnti hugmynd að ferð til **Helsinki og Tallin** og þeir fundarmenn sem tjáðu sig, lýstu sig sátta við þá grófu áætlun sem þar kom fram. Innan skamms verður farið í að móta hugmyndirnar frekar og kalla síðan eftir þátttökutilkynningum.

Þessar ferðir eru fjármagnaðar með þrennum hætti í grófum dráttum: með styrk frá skólanum, styrk frá stéttarfélögum og eigin framlagi. Fram kom að makar eru velkomnir, en þeir greiða ferðakostnað sinn sjálfir.

Fundarritari var

Páll M Skúlason